

# Endurskipulagning landshlutasamtaka og atvinnuþróunarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum

Aukaaðalfundur Eypings, haldinn á Akureyri 9. apríl, samþykkir að undirbúa stofnun nýs félags sem taki við verkefnum Eypings, Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar. Markmið félagsins verði að efla Norðurland eystra sem ákjósanlegan valkost til búsetu og atvinnu. Stofnun nýs félags byggji á faglegum ávinningi, auknum slagkrafti, skilvirkari vinnu og auknum sóknarfærum til að auka fagþekkingu innan stoðstofnana á svæðinu. Nýtt félag skuli vera sterkur bakhjarl aðildarsveitarfélaga í sameiginlegum málum, stuðla að bættu mannlífi, öfluglu menningarlífi og atvinnuþróun á svæðinu.

Aukaaðalfundurinn samþykkir að starfsstöðvar félagsins verði fjórar og verði þær staðsettar á Akureyri, Húsavík, Tröllaskaga og í Norður-Þingeyjarsýslu. Starfsstöðin á Húsavík verði jafnframt aðalskrifstofa félagsins. Búseta framkvæmdastjóra verði ekki skilyrt en hann skuli hafa skilgreinda viðveru á öllum starfsstöðvum. Lágmarksfjöldi starfa á hverri starfsstöð verði skilgreindur en önnur störf verði skilgreind án staðsetningar. Nýtt félag skuli leggja sérstaka áherslu á að nýta rafræn samskipti í innra starfi og þjónustu.

Skipulag nýs félags og starfsemi þess skuli endurspeglar ólíkar byggðir á starfssvæðinu sem skiptist í:

- - Akureyri
- - stærri bæi
- - minni bæi
- - dreifbýli
- - brothættar byggðir

Skipulag nýs félags skuli endurspeglar atvinnustarfsemi á svæðinu og má þar nefna:

- - landbúnað
- - sjávarútveg
- - iðnað
- - ferðaþjónustu
- - verslun
- - menningu
- - menntun
- - opinbera starfsemi

Skipulag nýs félags skuli endurspeglar margþætt hlutverk:

- - atvinnuráðgjöf
- - samstarf á svæðinu
- - stuðning við sveitarfélög
- - hagsmunagæslu svæðisins
- - samskipti við ríkisstofnanir
- - öflun og miðlun upplýsinga
- - gerð og eftirfylgni við sóknaráætlun
- - eftirfylgni við stefnumótandi byggðaáætlun ríkisins
- - öflun og veitingu styrkja o.s.frv.

Aukaaðalfundurinn samþykkir að skipa þriggja manna stýrihóp um stofnun nýs félags sem útfæri tillögur að rekstrarformi, stjórnskipulagi félagsins og skipulagi starfsstöðva. Í hópnum sitji formenn stjórnna AP, AFE og Eyþings og niðurstaða vinnunnar skuli liggja fyrir næsta aðalfund Eyþings, sem haldinn verður fyrir 15. nóvember nk. Utanaðkomandi fagaðili verði fenginn til að vinna með stýrihópnum að útfærslunni. Aukaaðalfundur leggur áherslu á náð samráð við starfsfólk félaganna þriggja, kjörna fulltrúa og aðra hagsmunaaðila.

Stofnkostnaður við hin nýju samtök þurfi að vera metinn sérstaklega og fjármögnun tryggð áður en endanleg ákvörðun verði tekin. Leitað skuli eftir samkomulagi við stjórnvöld um stofnkostnað og rekstur félagsins.